

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga um vinnuhóp borgarráðs vegna styrkúthlutunar borgarráðs 2023

Reykjavíkurborg auglýsti eftir umsóknum um styrki úr borgarsjóði vegna starfsemi á árinu 2023. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda vegna starfsemi á árinu 2023. Umsóknartímabil var frá 12. september til 12. október 2022 og bárust borgarráði 18 styrkumsóknir að þessu sinni.

Oskað er eftir því að borgarráð tilnefni fulltrúa í vinnuhóp til að að yfirfara fyrirliggjandi styrkumsóknir auk umsagna og gera í framhaldinu tillögu til borgarráðs um árlega úthlutun. Með þeim starfar Bjarni Þóroddsson verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjórnar.

Vinnuhópurinn skal leggja tillögu sína fyrir borgarráð eins skjótt og unnt er og í síðasta lagi 24. febrúar nk.

Virðingarfyllst,



Helga Björk Laxdal

skrifstofustjóri borgarstjórnar